

BORGARRÁÐ 27. júní 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðgerðir Reykjavíkurborgar vegna ofbeldis meðal barna - MSS24060121

Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um hvort fyrirhugaðar eru aðgerðir til að bregðast við auknu ofbeldi meðal barna í Reykjavík með aðgerðum. Nýlega viðurkenndi ríkisstjórnin þennan aukna vanda og hefur ákveðið að bregðast við með ýmsum hætti en hvað ætlar stærsta sveitarfélag landsins að gera í málinu? Sérstaklega er óskað upplýsinga um það hvort aukið verði við þverfaglega nálgun í ofbeldismálum meðal barna, hvort stutt verði við meðferðarúrræði vegna biðlista og hvort ungmennastarf í skólum borgarinnar verði eft? Einnig er spurt hvort félagsmiðstöðvar borgarinnar verði styrktar og efldar á meðan fræðsla og forvarnir verða aukin í skólum borgarinnar og foreldrastarf virkjað í umhverfi barna.

Greinargerð:

Hinn 18. október 2022 lagði Flokkur fólksins fram tillögu um stofnun stýrihóps til að bregðast við auknum vopnaburði meðal unglunga. Þá hafði bylgja ofbeldis riðið yfir á meðal íslenskra barna og ungmenna í Reykjavík. Hópnum var m.a. ætlað að kortleggja aukinn vopnaburð eggvopna meðal ungmenna í Reykjavík og meta viðbrögð borgarinnar sem lýtur að forvörnum. Þessi tillaga var felld af meirihlutunum. Engar hugmyndir um viðbrögð liggja fyrir hjá meirihlutunum þrátt fyrir aukinn alvarleg ofbeldistilvik meðal ungmenna í Reykjavík.

Merki eru um að ákveðin ofbeldismenning sé að þróast meðal barna hérlendis og teikn eru á lofti um sömu þróun og hefur átt sér stað á mörgum Norðurlöndunum. Þróunin er áhyggjuefni sem þarf að bregðast við.

Tilkynningum til lögreglu og barnaverndar þar sem grunur er um að barn beiti ofbeldi hefur fjölgað verulega. Fjöldi tilkynninga til barnaverndar um að barn beiti ofbeldi meira en tvöfaldaðist á árunum 2016–2023 eða úr 461 tilviki í 1.072. Þá tvöfaldaðist fjöldi grunaðra undir 18 ára í líkamsmeiðingarmálum tilkynntum til lögreglu frá 2016 til 2023 eða úr 95 tilkynningum í 186. Grunaðir í meiriháttar eða stórfelldum líkamsárásurum undir 18 ára árið 2023 voru 18% af heildarfjölda og hefur hlutfallið ekki verið hærra frá 2016.

Ekkert okkar hefur farið varhluta af fréttum um aukið ofbeldi meðal ungmenna í Reykjavík sem og víðar og fjölgun stunguárása. Reykjavíkurborg þarf að bregðast við. Fara þarf inn í skólana, íþrótt- og tómstundahreyfinguna í borginni og ná til barnanna og foreldra þeirra.

Setja þarf vinnu af stað hið fyrsta, alvöru aðgerðir en ekki bara tala og tala. Þegar um börn er að ræða eru gerendur jafnframt þolendur. Snertiflöturinn við börn er í gegnum leik- og grunnskólana og íþrótt- og tómstundahreyfinguna. Kalla þarf eftir félagslegri umræðu og skerpa á ábyrgð foreldra, skólasamfélagsins og íþrótt- og tómstundahreyfinga. Allir aðilar þurfa að taka ábyrgð og koma að fræðslu og forvörnum. Stoppa þarf þessa þróun með öllum ráðum og dáð.

Lögregla hefur ítrekað gefið út yfirlýsingu þar sem hún lýsir áhyggjum yfir auknum vopnaburði í miðbæ Reykjavíkur. Auknar ofbeldisfullar árásir, oft með vopnum færast í vöxt. Orsakir eru bæði flóknar og margslungnar. Sérfræðingar telja að rekja megi þessa þróun m.a. til fíknivanda og uppeldisvanda en einnig nýrrar ofbeldisbylgju sem rekja má til ofbeldismenningar sem víða tröllríður samfélögum og þar með talið samfélagsmiðlum. Skilaboðin eru misvísandi, annars vegar niðurstöður um aukna vímuefnaneyslu og vopnaburð ungmenna vs. niðurstöður um að íslensk ungmenni komi betur út nú en áður þegar kemur að ofbeldi og vímuefnum. Hver er raunveruleikinn?

Kaup og sala fíkniefna fer að mestu fram á samskiptaforritum netsins. Allt of stór hópur barna er á samfélagsmiðlum sem hafa ekki aldur til þess og eftirlit foreldra með börnum á netmiðlum er afar mismunandi. Því má jafnframt velta upp í hversu miklum mæli vopnasala til barna undir aldri fer einnig fram á netinu. Myndir teknar og myndbönd

Af mörgum ofbeldisbrotum hafa síðan verið teknar ýmist myndir eða myndbönd sem dreift er út á netið með alvarlegum, langvinnum afleiðingum. Gerendur sem taka upp myndbönd og birta á samfélagsmiðlum geta gert ráð fyrir því myndböndin verði aðgengileg á netinu um ókomna tíð. Þetta er þess vegna ekki einungis harmur þolanda heldur geranda líka því myndbandið um að „þú“ hafir niðst á öðrum einstaklingi verður til um aldur og ævi og fylgir í gegnum lífið. Þetta þarf að ræða við börn og minna á að fullorðinslífið er ekki í öðru lífi heldur bíður handan við hornið. T.d. þegar viðkomandi gerandi fer í atvinnuleit, þegar kemur að makavali o.s.frv. er þessi fortíð meitluð í stein.

Reykjavíkurborg þarf að taka stórt skref og leggja línur, hefja umræðuna og markvissa vinnu. Það er gert með því að setja saman hóp sem leggst yfir fjölbreyttar aðgerðir í samvinnu við skólasamfélagið til að ná til barnanna, foreldra og annarra sem tengjast börnum og ungmönnum. Sú neikvæða þróun sem hér er lýst kallar enn frekar á að Reykjavíkurborg hraði innleiðingarferli Barnasáttmálans í Reykjavík.